

SKTL1SS05

Búið til: Tue, 03 Jun 2014 00:57:02 GMT

Titill

Skapandi tónlist á starfsbraut

Skammstöfun

SKTL1SS05

Útgáfunúmer

3

Námsgrein

Skapandi tónlist

Viðfangsefni

Skapandi tónlist á starfsbraut

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Áfanginn fjallar um tónlist, um hljóð, hrynjanda, laglínu og samhljóm, sem þroskandi og uppbyggjandi þátt í lífinu fyrir einstaklinginn og hópinn í heildina. Nemendur æfa lög saman til að efla samvinnu og samkennd.

Einstaklingurinn þjálfast í að hlusta á og heyra mismunandi tegundir tónlistar og skilja þá mismundi hluta sem byggja upp lag með því spila þau. Hópurinn æfir lög saman og finnur leið til þess að allir meðlimir hópsins njóti sín sem best.

Forkröfur

Engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi formum tónlistar
- uppbyggingu laga
- samspili og samvinnu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- samspili á útvöldum lögum
- hlusta og heyra tónlist
- samvinnu innan hópsins

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- spila valin lög með hópnum
- standa að tónleikum þar sem hann miðlar listrænum styrk sínum
- samvinnu svo allir í hópnum nýti hæfileika sína til hins ítrasta

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd